

## 3. gr.

19

Yfirfiskimatsmenn skulu hafa eftirlit með því, hver í sínu umdæmi, að ákvæði 1. og 2. gr. laga þessara séu haldin. Enn fremur skulu þeir jafnframt hafa eftirlit með, að framfylgt sé lögum og reglugerðum, er gilda á hverjum tíma um möskvastærð veiðarfæra. Með samþykki ráðherra geta yfirfiskimatsmenn falið fiskimatsmönnum að annast eftirlitið í fjarveru sinni, og skal greiðsla fyrir starfið ákveðin af ráðherra. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði. Fiskideild Háskóla Íslands skal jafnan heimilt að rannsaka hinar ýmsu tegundir fiska hjá seljendum eða kaupendum fisks og kaupa fisk af eigendum til rannsóknanna við sannvirði, ef hún óskar þess.

## 4. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð, og má í reglugerðinni setja ákvæði um sektir fyrir brot á henni.

## 5. gr.

Sá, sem gerist brotlegur við ákvæði 1. gr. með því að veiða, flytja á land, selja eða kaupa smærri kola en þar er leyft, skal sæta sektum svo sem hér greinir:

Fyrir fyrsta brot 500 krónur.

Fyrir hvert ítrekað brot 1000 krónur.

Auk þess má, ef miklar sakir eru, svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum, sem orðið hefur brotlegur þrisvar eða oftár.

Fyrir brot gegn 2. gr. greiðist 300 króna sekt fyrir fyrsta brot og 500 krónur fyrir hvert brot þar eftir.

Sektirnar renna í ríkissjóð.

## 6. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglu-mál.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.**

**Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.**

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

20

um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

28. maí

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Á eftir 21. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðarréttindi og mannvirki.

20  
28. maí Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loffför, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr., gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur.

Bætur fyrir eignarnám á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917 um framkvæmd eignarnáms samkvæmt þessari grein.

2. gr.  
38. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 er úr gildi felld.

3. gr.  
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1941.*

Hermann Jónasson.  
Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.  
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.  
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

21  
28. maí

## L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 110 30. maí 1940.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ökumenn skulu halda sér vinstra megin á akbraut, eftir því, sem við verður komið og þörf er á vegna annarrar umferðar. Þeir skulu víkja greiðlega til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja.

2. gr.

Í stað orðsins „hægri“ á tveim stöðum í 1. málsg. 7. gr. laganna komi: vinstri.

3. gr.

Í stað orðanna „halda sér hægri megin“ í 12. gr. laganna komi: halda sér vinstra megin.

4. gr.

a. Orðin „og við vinstri brún hennar, þegar því verður við komið“ í 3. málsg. 13. gr. laganna falli burt.

b. Síðasta málsg. sömu greinar laganna orðist svo:

Gangandi menn skulu halda sér vinstra megin á gangstétt og jafnan víkja til vinstri hver fyrir öðrum.

5. gr.

16. gr. laganna fellur burt.